# NORÐRIÐ
# NORTH

19.09—
20.12.2020

LISTAMENN  ARTISTS

ARNGUNNUR ÝR
ERNA SKÚLADÓTTIR
INGIBJÖRG FRIÐRIKSDÓTTIR
NESTORI SYRJÄLÄ
PÉTUR THOMSEN
ULRIKA SPARRE

SÝNINGARSTJÓRI  CURATOR

DARÍA SÓL ANDREWS



PÉTUR THOMSEN
*INGÓLFSFJALL*



ARNGUNNUR ÝR
*SKAFTAFELL*



ARNGUNNUR ÝR
*SVÍNAFELLSJÖKULL I*



NESTORI SYRJÄLÄ

*TRILOBITEYOGAMATFAVABEANEYELASHMAC-
BOOKPROEUROCOINRUNNINGSHOEWEIGHTPLATE*

NORÐRIÐ
NORTH

19.09—
20.12.2020

LISTAMENN ARTISTS

ARNGUNNUR ÝR
ERNA SKÚLADÓTTIR
INGIBJÖRG FRIÐRIKSDÓTTIR
NESTORI SYRJÄLÄ
PÉTUR THOMSEN
ULRIKA SPARRE

SÝNINGARSTJÓRI CURATOR

DARÍA SÓL ANDREWS

7—8 HUGLEIÐINGAR SÝNINGARSTJÓRANS
DARIA SÓL ANDREWS

8—9 NOTES FROM THE CURATOR

10—11 HVERFANDI LANDSLAG NORÐURLANDA
CHERYL KATZ

12—13 CLIMATE CHANGE ERASING THE FACE OF THE NORTH

14—18 AÐ BJARGA ÆGIFEGURÐ
MARIA PORGES

18—22 SAVING THE SUBLIME

23—25 SAMTAL MILLI LISTAMANNA OG SÝNINGARSTJÓRA

25—27 A CONVERSATION BETWEEN CURATOR AND ARTISTS

28—29 HUGAÐ AÐ *NÚINU*
BECKY FORSYTHE

30—31 ATTENDING TO *NOW*




# HUGLEIÐINGAR SÝNINGARSTJÓRANS

DARIA SÓL ANDREWS

Á þessum tímum hnattrænnar hlýnunar og öfgafullra umhverfisbreytinga, má spyrja hvort umhverfið eins og við þekkjum það í dag muni aðeins standa eftir sem hverful minning. Fótspor mannsins hefur varanleg áhrif á jörðina, það breytir náttúrulegu umhverfi hennar á grimmdarlegan og óafturkallanlegan hátt, og er það hvergi augljósara en á norðurheimskautinu. Í löndunum sem liggja næst norðurheimskautinu eru breytingarnar óvenju miklar — jöklar hopa og hitastigið hækkar hraðar en nokkurs staðar í heiminum. Landslag Norðurlanda er að breytast á hrikalegan hátt af völdum áhrifa hinnar afskiptalausu og sjálfhverfu mannskepnu. Náttúra þessara landa, sem áður fyrr var dásömuð fyrir sína einstöku fegurð, er að umbreytast vegna hörkulegra áhrifa loftslagsbreytinga. Vegna þessara nýtilkomnu breytinga á landslagi jarðarinnar, finna margir listamenn hjá sér þörf til að horfa til viðkvæmni náttúrunnar og búa til verk sem sýna þetta sjónarhorn. Á sumum stöðum hafa þessar breytingar leitt í ljós nýtt landslag, áður óséð, en á öðrum stöðum hafa landshlutar verið kaffærðir til framtíðar.

*Norðrið* einblínir á Norðurlöndin og hið breytilega umhverfi þeirra, og skoðar þau áhrif sem náttúrubreytingar eru að hafa á hugmyndir og tjáningu listamanna, út frá loftslagsbreytingum, sér í lagi veðurfari Skandinavíu. Sem tilraun til að ná utan um þessar hröðu breytingar á landslagi Norðurlanda, staðhæfa listamennirnir sem valdir voru, að óstöðugleiki og breytingar séu nauðsynlegur hluti náttúrunnar. Þar sem áhrif loftslagsbreytinga á Norðurlöndin hafa í för með sér óvissu með framtíð þess landslags sem við þekkjum, setja þessir sex listamenn fram nýja sýn á tilgang og stöðu mannsins, og nýta sér list sína til að komast í sátt við breytingu og endursköpun náttúrunnar.

Þessi sýningarskrá sameinar vísindalegar og listrænar hugmyndir varðandi loftslagsbreytingar með textum eftir listgagnrýnandann og fræðikonuna Maria Porges, listfræðinginn og sýningarstjórann Becky Forsythe, blaðakonuna Cheryl Katz sem fjallar um vísindi og loftslagsbreytingar á norðurslóðum, sýningarstjórann Daríu Sól Andrews, og samtali milli sýningarstjórans og listafólksins Arngunnar Ýrar, Ernu Skúladóttur, Ulrika Sparre, Pétur Thomsen, Ingibjargar Friðriksdóttur og Nestori Syrjälä. Maria Porges kemur með fræðilegt mat á verkunum á sýningunni Norðrinu, á meðan Cheryl Katz býður fram vísindalegt sjónarhorn varðandi afleiðingar loftslagsbreytinganna á landslag norðursins, sérstaklega varðandi Ísland. Becky Forsythe skoðar breytingar á svið sýningarstjórans þegar loftslagsbreytingar eru um að ræða, á meðan listamenn sýningarinnar og sýningarstjórinn eiga samtal um hvaða tilfinningalegu og persónulegu áhrif umhverfisbreytingarnar hafa á verklag listafólks. Með sameiningu vísindalegra og listrænna aðferða varð til endurskoðun sem óhjákvæmilega breytti viðhorfum varðandi umhverfisbreytingar í norðri.

Arngunnur Ýr, Erna Skúladóttir, Ulrika Sparre, Pétur Thomsen, Ingibjörg Friðriksdóttir, og Nestori Syrjälä setja fram blöndu af tjáningu, allt frá gagnrýnum heimildum til ljóðrænna ákalla. Eru þessir listamenn, á sinn persónulega hátt, að skrásetja hvarf, skjalfesta eyðileggingu af mannavöldum, minningarrit um landslag sem hefur orðið fyrir árás, dagbók yfir það sem búið er að eyðileggja? Þessir listamenn leggja áherslu á alltumlykjandi lotningu og þrá eftir þessum tignarlegu og hverfandi landsvæðum. Hina alhliða tilfinningu um missi. Þau forgangsraða fegurðinni og nýrri sköpun á meðal eyðileggingarinnar. Og goðsögnum og

mikilfengleik landslags norðursins. Þeir halda í vonina, þrátt fyrir að landslag okkar eins og það er virðist hverfult. Von um seiglu og umbreytingu, um nýjan heim sem bíður þess að stíga fram. Hvað skynjar þetta listafólk, með þetta draumórakenndа landslag í sálu sinni, þegar landslagið breytist? Í ljósi listrænnar sýnar þeirra, hvert stefnum við? Hvernig endurskilgreinir þessi sláandi umbreyting hugmynd þeirra um náttúruna, fegurðina og varanleika?

Hvernig getum við aftur tengst hinu ómennska og tjáð náttúruna, tengst aftur landslagi og umhverfi sem hin ágenga mannskepna er að rífa í sundur, og skoðað náttúru sem er ekki bara bara „annað en maðurinn"? Við teljum náttúruna, fjallið, vera stöðugt, óbreytilegt, gegnheilt — staðfastan minnisvarða umhverfis okkar, en þessi verk viðurkenna hversu hverful hún í rauninni er. Útkoman verður fegurð, viðkvæm, en þó sterk, og leið til að rísa upp á ný. Þau búa til einstaka hugmynd um landslag, landlist og umhverfisstefnu, bjóða fram nýja sköpun og draumórakennt umhverfi, en á sama tíma viðurkenna þau þá staðreynd að umhverfið sem við þekkjum er að hverfa. Þessir listamenn leiða okkur blíðlega aftur í átt að náttúrunni, moldinni, landinu, jörðinni, náttúruöflunum, og leyfa okkur að einbeita okkur að fegurð þeirra frekar en þyngsli mannhverfra sjónarmiða. Þau taka burtu hið mennska og færa okkur aftur til jarðneskra róta okkar með því að sýna okkur hinn harkalega sannleik um stöðu náttúrunnar, án þess að skafa utan af því.

# NOTES FROM THE CURATOR

DARIA SÓL ANDREWS

In the wake of global warming and extreme ecological changes, will our environments of today become a mere fleeting impression? The human imprint is permanently changing landscapes, savagely and irreversibly morphing our natural environments, and nowhere is this more evident than in the Arctic. From the retreat of glaciers to the most rapid rise in temperatures anywhere in the world, the countries bordering the Arctic are experiencing especially radical shifts. Nordic landscapes are being devastatingly altered by an unconcerned, self-absorbed human footprint. Once heralded for the unique beauty of its natural environments, the landscapes of the North are transforming at a rapid rate from the harsh effects of climate change. In response to these freshly emerging and turbulently changing landscapes, many artists are finding themselves compelled to focus on the fragility of nature and manifesting this perspective in their practices. New landscapes are being revealed already that have never been seen by the human eye, while others are inundated for an unforeseen future.

Norðrið/Noth focuses in on the Northern countries and their adapting environments, exploring the ways in which changes in nature are influencing and informing artists' expressions and ideas, through a lens of climate change here in a Scandinavian climate specifically. In order to make sense of these rapid shifts in the northern landscape, the selected artists affirm instability and change as a necessary part of nature. As the effects of climate change in the North bring with them an uncertainty towards the future of our known landscapes, these five artists reimagine the place and the function of the human, using their artistic practices to come to terms with change and reinvention within nature.



This publication combines scientific and artistic imaginings on themes of climate change, with texts by art critic and theorist Maria Porgres, curator and writer Becky Forsythe, science journalist covering climate change in the Arctic Cheryl Katz, curator Daría Sól Andrews, and a conversation between the curator and artists Arngunnur Ýr, Erna Skuladottir, Ulrika Sparre, Pétur Thomsen, Ingibjörg Friðriksdóttir, and Nestori Syrjälä. Maria Porgres provides a theoretical unpacking of works presented in Norðrið, while Cheryl Katz offers her scientific view of the implications of climate change on Nordic landscapes, with a special focus on Iceland. Becky Forsythe examines curatorial shifts as climate change takes hold, while the exhibiting artists and curator talk through the emotional and personal impacts of shifting environments on artistic practice. The merging of scientific and artistic practices reexamined and necessarily shifted outlooks on the altering environments of the North.

Arngunnur Ýr, Erna Skúladottir, Ulrika Sparre, Pétur Thomsen, Ingibjörg Friðriksdóttir, and Nestori Syrjälä present a blend of expressions, ranging from critical documentation to poetic invocations. In their own way, do these artists document a disappearance, providing a record of human destruction, a memoir to invaded landscapes, a diary of that which has been destroyed? These artists emphasize the overriding sense of wonder and longing for these majestic and diminishing lands. The universal feeling of loss. The prioritization of beauty and new creation amongst destruction And the myth and drama of the Nordic landscape. They hold on to a hope, despite the seeming impermanence in our landscapes that are. A hope in resilience and transformation, of new worlds waiting to emerge. What do artists who have this fantastical landscape in their souls perceive as it transforms? Where does their artistic vision see it going from here? How does this stunning transformation redefine their concept of nature and beauty and permanence?

How can we reconnect back to the non-human and communicate in relation to nature, connect back to the landscapes and environments that the invasive human is ripping apart, and explore a nature that is not simply 'other than man'? We take nature, the mountain to be the constant, unchanging, solid — a consistent marker of our environment in memory, but these works acknowledge the reality of its fleeting nature. The result becomes a thing of beauty, fragile, yet strong, and a way to rise anew. They offer a unique concept of landscape, land art, and environmentalism, suggesting new creations and fantastical environments, whilst simultaneously acknowledging the dissolution of our present ones. These artists gently draw us back to nature, dirt, land, earth, the elements, allowing us to focus on its beauty rather than the overweighting anthropocentrism. They remove the human and bring us back to our earthly roots by unapologetically bringing us face to face with the harsh reality of the state of nature.

# HVERFANDI LANDSLAG NORÐURLANDA

## HVAÐ ER ÍSLAND ÁN ÍSS?

CHERYL KATZ

SÓLHEIMAJÖKULL — Kraftmikið vindöskur þeysist niður jökulbrekkuna, og kastar frá sér ís og möl eins og veðurnorn úr fornsögum Íslendinga.

Sólheimajökull, skriðjökull sem teygir sig í átt að suðausturströnd Íslands, er orðinn tákn fyrir loftslagsbreytingar síðustu ára. Hann hefur hopað að meðaltali sem svarar lengd einnar Ólympíusundlaugar á hverju ári, síðustu tvo áratugina, vegna hækkandi hitastigs, hlýnunar sjávarstrauma og röskunar á árstíðum.

Í hvassviðri á Sólheimajökli, á stormasömum haustdegi sjá ferðalangar röð moldarkeilna sem stingast upp úr gráum snjó, og grjóthrúgur, jökulurð og jökulbotn sem liggur nú auður, tæpum kílómetra frá, sem sanna hversu stór þessi deyjandi risi var áður.

Ísland, sem er staðsett rétt sunnan við norðurheimskautsbaug, er einn af þeim stöðum í heiminum þar sem hitastigið er að hækka hvað mest. Jöklarnir, sem eru rétt yfir 300 talsins, og þekja meira en 10 prósent af landinu, eru að tapa að meðaltali 11 milljörðum tonna íss á ári hverju. Magnið sem flyst frá jöklum Íslands án þess að nýr snjór komi í staðinn myndi fylla 50 af stærstu vörubílum heimsins á hverri mínútu í heilt ár.

*

Ég skrifaði þessa frásögn þegar ég heimsótti Ísland í fyrsta sinn árið 2013. Ég fann fljótlega djúpa tengingu við þessa gullfallegu eyju, sem er í framlínu veðurfarsbreytinganna. Ég hef fjallað um loftslagsbreytingar norðursins í mörg ár, þar sem ég er umhverfisblaðamaður, og hef meðal annars heimsótt þetta land elds og íss nokkrum sinnum í viðbót. Á þeim tíma hef ég séð hrikalegar breytingar á Íslandi og öðrum alþekktum landslagsheildum á norðurlöndum, unnar af mannavöldum.

Á hæstu breiddargráðunum á norðurhveli er nú að hitna meira en tvisvar sinnum hraðar en aðrir staðir á jörðinni, þar sem hita-fangandi gróðurhúsagastegundir sem orðið hafa til við brennslu jarðefnaeldsneytis safnast upp í gufuhvolfi jarðar. Áhrifin eru sérstaklega áberandi hér á norðurslóðum, mikið til vegna þess að norðurheimskautsísinn, sem er náttúruleg loftkæling jarðarinnar, er að bráðna sífellt hraðar.

Í árþúsundir endurkastaði þessi hvíta víðátta sem þekur skaut jarðarinnar, á sjó og landi, sólargeislunum burt frá yfirborði jarðar. En eftir því sem jörðin hitnar, minnkar þetta yfirborð íss, og stærri hluti yfirborðs jarðar afhjúpast gagnvart sólinni, sem leiðir til ennþá meiri hitaaukningar — og þá tapast enn meiri ís — og þannig skapast vítahringur.

Hafís sumarsins á norðurheimskautinu er nú kominn yfir markið þar sem hægt væriað snúa þessu við, og spá vísindamenn því að um miðja öldina muni höf norðurheimskautsins verða alveg íslaus stærstan hluta árs. Landís er líka að hverfa á ógnarhraða. Á síðasta ári — heitasta ári norðurheimskautins frá því að mælingar hófust — missti íslag Grænlands 600 milljarða tonna íss. Óslökkvandi eldar geisuðu yfir freðmýrar frá Alaska til Síberíu. Á sama tíma eru árstíðarnar á norðurlöndum að raskast, þar sem vorið kemur á sumum stöðum allt að tveimur vikum fyrr en venjulega, með hættulegum afleiðingum fyrir gangverk hins viðkvæma vistkerfis norðursins. Áhrif loftslagsbreytinga eru sérstaklega sláandi á norðurlöndum — þessi hrjóstrugu landsvæði, sem dásamað er í fornsögum og þjóðtrú, og villta náttúran er þjóðarstolt þeirra.

Listamennirnir sem taka þátt í þessari sýningu bera vitni um þann toll sem þessi stjórnlausa umbreyting á landslaginu í kringum þau hefur á sjálfsmynd norðurlandanna. Þetta er harmakvein sem ég hef oft heyrt í blaðamennskunni. Eins og einn Íslendingur sagði mæðulega, þegar við vorum að ræða átakanlega hopun íslensku jöklanna. „Án íss, er Ísland ‚bara land.'"

Hin töfrandi ísfjöll Íslands, jöklarnir, eru mikilvæg fyrir þjóðina í dag, á fleiri máta en bara táknrænan. Jökulár búa til vatnsorku sem gefur af sér stærstan hluta rafmagns þjóðarinnar. Ís jöklanna geymir vatn fyrir íbúa landsins. En sumir jöklar landsins hafa þegar horfið, og nokkrir aðrir verða horfnir innan tíu til tuttugu ára. Einni kynslóð eftir þessa getur verið að ekki verði til nógu mikið vatn til að knýja rafala eða slökkva þorsta þjóðarinnar. Rykstormar munu hvirflast yfir þurra jökulbotna, og risastór svæði óvarins jarðvegs munu eyðast. Á þeim hraða sem jöklarnir eru að eyðast núna, munu jöklar Íslands ekki vera annað en lítil „íssöfn" efst á tindum hæstu fjalla landsins, strax á miðri næstu öld, útskýrði hinn virti jöklafræðingur Helgi Björnsson, þegar ég heimsótti hann á skrifstofu hans í Háskóla Íslands.

Sumar af þessum breytingum eru nú þegar orðnar óþægilega augljósar. Viðmælandi sem hefur um langt skeið verið meðlimur í Jöklarannsóknarfélagi Íslands



lýsti því fyrir mér að nú sjáist það með eigin augum, hvernig jöklarnir á suðurhálendi landsins, sem hann hafði heimsótt allt sitt líf, séu að hverfa. „Jökulsporðurinn hopar og skilur bara eftir sig möl," segir þessi glaðlegi ævintýramaður, og reynir að halda aftur kekkinum í hálsinum.

Náttúran er líka að breytast. Klettadrangar við sjóinn á norðurheimskautinu þjóna hlutverki vöggustofa sjávarfuglanna — stærsti hluti margra fuglategunda klekjast út þar. Í margar aldir hafa sjávarfuglar, til dæmis súlur og lundar, verið ómissandi fyrir fólkið sem býr við strandlengjurnar í norðurlöndunum — þeir leiddu landkönnuði víkingatímabilsins að nýjum löndum og héldu lífi á landnámsmönnunum í þessum hrjóstrugu nýju löndum.

Nú fer sjávarfuglum norðurlandanna fækkandi vegna hlýnunar sjávar og annarra manngerðra ógna. Í Flatey á Breiðafirði, þar sem finnast margir af mikilvægustu varpstöðum sjávarfugla í heimi, sakna heimamenn fjörugu kvaki ritunnar og nístandi köllum kríunnar sem áður fylltu sumarhimininn. „Það voru þúsundir fugla. Maður gat heyrt í þeim," rifjaði eldri kona upp með eftirsjá. „Það er ekki hægt lengur. Nú eru þeir svo fáir."

Minnkandi fæðuframboð, ágengar tegundir, fjölgandi stormar, og önnur vandamál sem tengjast loftslaginu eru að leggja varplöndin í eyði. Fuglarnir gætu reynt að flytja sig lengra norður, en þeir eru nú þegar nálægt nyrstu mörkum, sagði fuglafræðingurinn Ævar Petersen þegar við vorum að telja sífækkandi rituhreiður í Grímsey. „Þeir geta hvergi farið" sagði hann.

Það sama er að gerast um allt norðrið. Landslagið í Noregi er að breytast svo hratt að ég sé mun á milli ferða. Þegar ég heimsótti fyrst Svalbarða í Barentshafi, árið 2010, var hann þakinn voldugum jöklum sem enduðu í háum ísvegg við ströndina. Þegar ég kom aftur árið 2019 brá mér þegar ég sá þessa sömu jökla í felum undir moldaryfirborði, í margra kílómetra fjarlægð frá sjónum. Í stað glitrandi hafíssins var nú bara sjór, og iðandi hvalahópar og önnur sjávarspendýr sem bjuggu hér áður, voru horfin.

Samískir hreindýrasmalar í Svíþjóð greina frá því að ekki megi treysta þeim forna dansi árstíðanna sem fólkið þeirra reiðir sig á til að taka mikilvægar ákvarðanir yfir ársins hring. Það rignir oft í janúar nú á tíðum og snjóar í maí — sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir fæðuuppsprettu hjarðanna þeirra.

Og á þessu ári blómstruðu kirsuberjatrén í janúar í Stokkhólmi, í hinn enda Svíþjóðar. Sagt er að það sé eins og veturinn hafi aldrei komið.

Finnland er líka að upplifa árstíðalausar árstíðir. Síðasti vetur var sá vægasti í sögu heimsins, og sagði fólk að janúar hefði verið meira eins og apríl. Trjálínan er að færast norðar, og líka dýr, plöntur — og skordýr — sem hafa verið algengari á suðurslóðum. Mölflugur ráðast inn í Finnland og ógna hinum alþekktu fjallabirkiskógum.

Manngerðar breytingar á ásjónu norðursins einskorðast ekki við hlýnun af völdum gróðurhúsalofttegunda. Iðnaður er að endurmóta landslagið — allt frá álverum til náma, olíu- og gasborholum til stífla og vindmylla. Framkvæmdaaðilar stökkva á tækifærið til að græða á auðlindunum sem koma í ljós við það að norðurheimskautið sé að opnast. Samfélög stækka, túrisminn er í hámarki, og byggð landssvæði eru að teygja anga sína yfir hið náttúrulega. Á sama tíma flyst plast, sót og annars konar mengun, spýtt út af borgunum í suðri, norður, með vindum og sjávarföllunum.

Þegar þetta er ritað, eru hlutar norðurheimskautsins að sviðna í methita, eldar geysa aftur yfir freðmýrar, og hafís sumarsins er aftur að ná nýju lágmarki. Stærð og hraði breytinganna verða sífellt meiri,, og sýna rannsóknir að þetta sé óumdeilanlega fótspor mannsins. Á meðan hefur örlítil veira hrakið mannkynið á bak aftur. Sem er áþreifanleg áminning um það að Móðir Náttúra lætur ekki að sér hæða. Við erum að dansa hættulega nálægt vendipunktinum fyrir loftslag norðurheimskautsins, sem mun hafa afleiðingar fyrir allan heiminn. Jafnvel þó að mikið af skaðanum sé nú þegar óumflýjanlegur, þá er ennþá tími til að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir verstu afleiðingarnar. En glugginn er að lokast hratt.

Norðrið hefur alltaf verið öfgafullur staður, og eru verk þessarar sýningar í takt við sköpunaröflin jafnt sem öfl eyðileggingarinnar. Þar sem landið rifnar á plötumörkum sprettur nýjasta land í heim úr neðanjarðareldum hér á Íslandi. Á löngum vetrarnóttum liggja þessi lönd frosin og stillt, og virðast gróðursnauð, en í birtu miðnætursólarinnar iða þau af lífi. En eftir því sem við höldum skeytingarlaus áfram okkar venjum og hömlum því stjórnkerfi sem heldur þessum öflum í skefjum, færist umhverfið sífellt hraðar í átt að nýjum, óþekktum stað. Með því að myndgera endalok velþekktra landslagsheilda í norðri, bera þessir listamenn vitni um framtíð sem kannski er þegar liðin.

# CLIMATE CHANGE ERASING THE FACE OF THE NORTH

## THE VANISHING NORDIC LANDSCAPE

CHERYL KATZ

SÓLHEIMAJÖKULL, Iceland — A fierce wind shrieks down the glacier slope, flinging ice and grit like a weather-witch from an old Icelandic saga.

The glacier, Sólheimajökull, a tongue of ice reaching toward Iceland's southeast coast, has become an emblem of climate change in recent years: Retreating an average of one Olympic pool-length every year for the past two decades due to climbing temperatures, warming ocean currents and disrupted seasons.

Crouching under 90-mile-an-hour gusts on a stormy autumn day, visitors to Sólheimajökull see a rash of dirt cones poking through grey-streaked snow, while piles of rocks, gravel moraines and a now-empty glacial bed about a half-mile away attest to the former reach of this dying giant.

Iceland, lying just below the Arctic Circle, is one of the fastest-warming places on the planet. The 300-some glaciers that cover more than 10 percent of the island are losing an average of 11 billion tons of ice a year. The annual volume carried away from Iceland's glaciers and not replaced by new snow would fill 50 of the world's largest trucks every minute for the entire year.

⁕

I wrote this report during my first trip to Iceland in 2013. This breathtaking island on the frontlines of climate change quickly became my heart's home. As an environmental journalist, I've covered climate change across the North for years, including several more trips to the Land of Fire and Ice. Over that time, I've seen staggering changes to Iceland and other iconic Nordic landscapes, wrought by human-triggered forces.

The high northern latitudes are now warming more than twice as fast as the rest of the planet, as heat-trapping "greenhouse" gases produced by burning fossil fuels build up in Earth's atmosphere. The effects are especially acute up here, largely due to the accelerating loss of Arctic ice: the planet's natural air conditioner. For millennia, the white expanses covering sea and land in the polar regions reflected sunlight away from the Earth's surface. But as the planet warms, this icy lid is peeling back, exposing more surface to the sun and leading to yet more warming — and yet more ice loss — in a vicious spiral.

Summer sea ice in the Arctic is now past the point of recovery, and scientists predict northern waters will be ice-free much the year by the middle of this century. Land ice is also vanishing at a terrifying rate. Last year, the hottest ever recorded in the Arctic, Greenland's ice sheet shed a massive 600 billion metric tons of ice. Wildfires raged across tundras from Alaska to Siberia. Meanwhile, northern seasons are shifting, with spring arriving up to two weeks early in some places, knocking the clockworks of fragile northern ecosystems dangerously off-kilter.

The effects of climate change are especially dramatic in the Nordics — these rugged lands celebrated in saga and legend whose wildness is a source of national pride.

The artists featured in this exhibition attest to the toll the headlong transformation of the landscape around them is taking on the Nordic identity. It's a lament I have heard often in my reporting. As one Icelander ruefully commented while we discussed the shocking retreat of the island's glaciers, "Without ice, Iceland is 'just land.'"

Beyond lore, Iceland's majestic ice mountains, or *jöklar*, are crucial to the nation today. Glacial rivers generate hydropower that provides most of the country's electricity. Glacier ice stores water for its residents. But some of the country's glaciers have vanished already, and several others will be gone within a decade or two. A generation from now there may not be enough water to drive turbines or slake the nation's thirst. Dust storms will swirl over dry glacier beds, while huge expanses of exposed earth erode. At the current rate of loss, Iceland's glaciers will be no more than small "ice museums" atop the highest peaks as early as the mid-2100s, renowned glaciologist Helgi Björnsson explained when I visited him in his University of Iceland office.

Some of these changes are already becoming painfully obvious. In Iceland's southern highlands, a longtime member of the Iceland Glaciological Society described how the glaciers he had visited his entire life are now visibly fading. "The tail of the glacier goes back and leaves just gravel," the hearty adventurer told me, trying to hold back the choke in his voice.



Nature, too, is changing. The sea cliffs of the North Atlantic are considered the seabird nurseries of the world — birthplace of most of the population for many species. For centuries, seafaring birds, such as gannets and puffins, have been crucial to the coastal peoples of the North — guiding Viking Age explorers to new shores and sustaining settlers on the harsh new lands. Now, due to warming oceans and other human-induced perils, northern seabird populations are crashing. On west Iceland's Flatey Island, home to some of the most important seabird breeding colonies in the world, residents miss the boisterous chatter of kittiwakes and piercing cries of Arctic terns that used to fill summer skies. "There were thousands. You could hear them," an elderly woman recalled wistfully. "You can't do that anymore. Now there are so few."

Shrinking food supplies, invasive species, increased storms, and other climate-related problems are decimating the breeding colonies. The birds can try to move farther north, but they're already near their northern habitat limit, noted ornithologist Ævar Petersen told me as we counted declining kittiwake nests on Grímsey Island, off Iceland's north coast. Said Petersen: "There's nowhere for them to go."

Similar impacts are resonating across the High North. In Norway, the landscape is changing so fast I've been able to see the differences from trip to trip. When I first visited Svalbard, the Norwegian archipelago in the Barents Sea, in 2010, it was covered with mighty glaciers ending in towering ice walls at the water's edge. When I returned in 2019, I was astonished to see those same glaciers now cowering behind dirt facades and terminating many kilometers short of the sea. The shimmering sea ice was replaced by open water, and the teeming pods of whales and other marine mammals that had called these waters home were nowhere to be seen.

In Sweden, Sámi reindeer herders tell me the time-honored dance of the seasons their people rely on to guide their movements throughout the year can no longer be trusted. Nowadays, they often see rain in January and snow in May — wreaking havoc on the food sources for their herds. And at the other end of the country, cherry trees bloomed in January in Stockholm this year. People say it seemed like winter never arrived.

Finland is also seeing unseasonal seasons. Last winter was the meekest in history, and people said January seemed more like April. The treeline is creeping northward, along with animals, plants — and insects — more common to the south. Invading moths now threaten Finland's iconic mountain birch forests.

And warming fueled by greenhouse gas emissions is not the only way humans are changing the face of the North. Industry — from smelters to mines, oil and gas wells to hydropower dams and wind turbines — is re-shaping the landscape. Developers are racing to capitalize on the emerging resources of an opening Arctic. Communities are expanding, tourism is burgeoning, and the built landscape is spreading its tendrils across the natural one. Meanwhile, plastics, soot and other pollution spewed out by cities far to the south wends its way north on the winds and tides.

As I write this, parts of the Arctic are again being seared by record heat, fires have again blazed across the tundra, and summer sea ice is again reaching new lows. The scale and speed of change is ramping up, which research shows bears the unmistakable footprint of humans. Meanwhile, a minuscule virus has driven humanity into retreat. It's a stark reminder that Mother Nature always has the last word. We're dancing perilously close to an Arctic climate tipping point, one with global repercussions. Although much of the damage is now already unavoidable, there's still time to take actions to avoid the worst of it. But the window is rapidly closing.

The North has always been a place of extremes, and the images in this exhibition pulse with the forces of both creation and destruction. Torn by tectonic rift, underground forges here are belching up the world's newest land. Frozen and still during the long polar night, these seemingly barren lands explode with life under the midnight sun. But as our heedless ways hobble the controls that keep these forces in balance, the environment is racing ever faster toward a new, unknown place. In picturing the demise of storied Nordic landscapes, the artists bear witness to a future that may already be past.

# AÐ BJARGA ÆGIFEGURÐ

MARIA PORGES

I. Þegar ég horfi út á svona nóttu, líður mér eins og það gæti hvorki verið til illska né sorg í heiminum; og það væri sannarlega minna af hvoru tveggja ef betur væri hugað að ægifegurð náttúrunnar, og fólk fengi tækifæri til að fjarlægjast sjálft sig, á því að virða fyrir sér svona útsýni.

JANE AUSTEN

Í ágúst 2019 komu vísindamenn og stjórnmálamenn fyrir minnismerki við Okjökul (þar sem hann stóð áður). Hann er fyrsti íslenski jökullinn sem hefur verið formlega tilkynntur „látinn“, þar sem hann hefur tapað mest af sínum massa vegna áhrifa hnattrænnar hlýnunar. Rannsóknir benda til að aðeins 200 ár séu þar til allir jöklarnir sem nú þekja meira en tíunda hluta landsins, geti bráðnað og horfið burt: tjón sem mun breyta sjálfsmynd þjóðarinnar til frambúðar. Að sama skapi horfast löndin sem liggja næst norðurheimskautinu í augu við stórkostlega skaðvænlegar breytingar, sem eru öðruvísi en annars staðar, og tengjast sérstaklega veðurfarinu svo langt í norðri, ekki síst vegna þess að þar er hitastigið á norðurheimskautinu að hækka meira en tvisvar sinnum hraðar en annars staðar í heiminum.[1]

1 American Association for the Advancement of Science, 2013

Þátttakendur í Norðrinu draga athygli áhorfandans, með fjölbreytilegum miðlum og aðferðum, að þeim áríðandi umhverfismálefnum sem löndin eiga sameiginlegt, sem þeir búa og vinna í. Sumir myndgera hin nýju landslög sem birtast/eru búin til við það að siðmenningin breiðir úr sér; aðrir stinga upp á dapurlegri framtíð sem nálgast allt of hratt. Þessir sex listamenn setja fram, hver á sinn hátt, túlkun sína á þeim heimi sem þeir þekkja, sem grundvallast ekki aðeins í minni þeirra, eða þessum ólgandi tímum sem við lifum á, heldur horfa þau til þess hvert við stefnum á vistfræðilegum forsendum. Hópurinn er sammála um að tíminn sé mikilvægasti þátturinn þegar kemur að þessu, annars muni „ægifegurð náttúrunnar“, sem Jane Austin skrifar um, glatast að eilífu.

Í hefðbundnu formi olíumálverks vitnar Arngunnur Ýr í arfleifð nítjándu aldarinnar um ægifegurð og rómantík, á þessum áhættutímum fyrir umhverfið; fjallasýn hennar og ský skarta oft skærum litbrigðum. Ljósmyndir Péturs Thomsens, hvort heldur af framkvæmdum í Kárahnjúkavirkjuninni eða af byggingarlóð við hliðina á náttúrufriðlandi, neyða áhorfendur til að horfast í augu við algjöra endursköpun umhverfisins, þegar ein útgáfa af landslaginu yfirtekur aðra. Vídeóverk Ulrika Sparre neyða okkur til að endurhugsa það hvernig við stjórnum dauðum hlutum — sér í lagi þegar hljóðnemar leiða í ljós að steinarnir og klettarnir eiga sínar eigin raddir.

Erna Skúladóttir nýtir sér leir og leðju sem leið til að lýsa jörðinni og vísa til hennar, en einnig til þess hvernig þessi efni verða til, með veðrun steina um aldir. Hún dregur athyglina að því hvernig „gamalt“ landslag hverfur, en einnig að afhjúpun, vegna loftslagsbreytinga, þess nýja. Nestori Syrjälä kynnir, með ýmsum miðlum, sannfærandi sönnunargögn sem sýna fram á hvernig maðurinn hefur breytt umhverfinu, og gert það „sífellt skrítnara.“ Og innsetning Ingibjargar Friðriksdóttur bendir með myndlíkingu á mögulegar afleiðingar veðurfarsbreytinganna, með því að kalla fram óttann við myrkrið, sem er eitt aðal einkenni hins ægifagra.



II. Við lifum öll við sífellt meira hættuástand. Það verður sífellt erfiðara að veiða. Firðir eru að grynnast … landið er að rísa. Unga fólkið spyr, fá börnin okkar að sjá það sem við sjáum? Unglingar benda okkur á að við höfum vitað í fimmtíu ár um langtímaáhrif gjörða okkar. Samt höfum við engu breytt. Er það undir listamönnum komið að gera grein fyrir þessum hugmyndum með listinni? — Íslendingur, að tala um loftslagsbreytingar.[2]

2 The Documentary Podcast, 26 Dec 2019 (BBC): "Iceland, the Great Thaw"

Erna Skúladóttir vinnur bæði á Íslandi og Noregi, þar sem hún var í námi í sex ár, og bjó til flókin tilraunakennd listaverk úr leir og jarðlög. Hún vinnur með þessi hversdagslegu efni án þess að breyta þeim í nytsamleg form — vasa, flösku eða körfu; flís eða múrstein. Í staðinn má segja að verkin séu afrakstur samvinnu hennar og efnanna sjálfra, og hún notar þau til að búa til mynd af því hvernig hinn náttúrulegi heimur er að umbreytast á hörmulegan hátt. Hún minnir okkur á að á milli fimmtíu og áttatíu prósent af yfirborði jarðar hefur verið breytt af mannavöldum. Jörð verður myndlíking, sem er könnuð á allan mögulegan hátt, meðal annars út frá gildismati. Hversu mörg okkar vita hvaðan efni eins og leir kemur, hvernig hann verður til; og þó að nóg sé til af honum, þá gæti hann klárast?

Erna hefur áhuga á því hvernig tenging okkar við landslagið hefur mótast við það að vera mötuð á vissum ímyndum — sérstaklega með landslagsmálverkinu. Fyrir innsetninguna á þessari sýningu skapaði hún sílikonform fyrir neðan Langjökul og Sólheimajökul, og fangaði þannig áferðina sem myndaðist við það að jöklarnir hopuðu. Hún safnaði líka saman fornu setbergi sem varð til við núning jökla og bergs. Síðan málaði hún mótin með mörgum lögum af vökvakenndum leir og bindiefni, og bjó þannig til margar afsteypur úr hverju þeirra.

Verkin hanga þétt saman og þekja heilan vegg, og mynda þannig nýja tegund landslags: sem lætur ekki nægja að sýna, heldur nemur efnið sjálft. Eins og Erna orðar það: „Leirinn er… hluti af hinu nýja landslagi sem verður eftir þegar jökullinn hverfur.“ „Flæðið“ frá loftinu að gólfi gallerísins minnir á hreyfingu snjóflóðs eða flóðs, sem hvort tveggja teljast bæði mögulegar — jafnvel líklegar afleiðingar hnattrænnar hlýnunar.

Til að horfast í augu við ógnum umhverfisbreytinga, gaf sænska listakonan Ulrika Sparre hinum ómennsku leikurum heimsins, orð: klöppum, eyðimörkum og fjöllum. Myndband hennar *Eyra að jörðu (steinar á flakki)* er tekið á eyðilegri en þó fallegri auðn Death Valley í Kaliforníu. Í þögn sem aðeins er rofin af þurru braki í fótataki listakonunnar, eða af einstaka þotum sem fljúga hátt yfir, sjáum við hana nálægt, svo langt frá, agnarsmáa eins og maur (stundum rétt áður en myndavélin klippir yfir á maura, hlaupandi um á grýttu yfirborði jarðarinnar). Hún gengur um *playa* — eyðimerkurdæld, þar sem sem suma vetur verður til grunnt stöðuvatn — og heldur snertihljóðnemum upp að klettum sem hún rekst á, og nemur draugaleg hljóð inni í steininum. Gátan um „vafrandi steinana“ — hnullunga sem virðast ferðast sjálfviljugir yfir þurrt landið — var leyst af jarðfræðingnum Frank Norris árið 2013. Eftir rigningu getur grunnt vatnið frosið, í öfgafullu veðurfari eyðimerkurinnar, og ísplöturnar ýtt grjótinu á undan sér, á svipaðan hátt og jöklar hafa flutt risastórt grjót langar vegalengdir yfir lengri tíma.

Ef Ulrika væri ekki í skotinu í myndinni, væri erfitt að átta sig á stærðarskalanum á því sem við sjáum. Staðsetning hennar, föt hennar og birtan breytast öll, og kalla þannig fram ljóðræna mynd af því hvernig tíminn líður, þar sem skugginn hennar líður um landslagið eins og hverfull draugur. Í lok vídeóverksins sést í fjarlægð, hvar hún liggur í miðjunni á gömlum gíg. Hægur sláttur fjögurra hvella í fjarska, þar sem þotur rjúfa hljóðmúrinn, minna okkur á, á áhrifaríkan hátt, að það eru fá landslög eftir sem eru alveg villt.

Í listsköpun sinni vinnur Nestori Syrjälä með hugtökum og notar hann fjölbreytta miðla hugvitssamlega til að koma hugmyndum sínum á framfæri, þar á meðal skúlptúr, innsetningar og vídeóverk. Hann setur fram sannfærandi rök fyrir því hvernig mannskepnan hefur breytt umhverfinu, og gert það, eins og hann orðar það, sífellt skrítnara. Í verkunum á þessari sýningu, sýnir hann hvernig sívaxandi umhverfisvá sem við horfumst daglega í augu við getur leitt listamenn til þess að endurskoða allt — jafnvel hvaða form verk þeirra geti tekið.

Skúlptúrar af líkamsræktarbúnaði sem innblásnir eru af vísindaskáldskap innihalda efnivið sem virðist hafa verið valinn af handahófi (einn skúlptúrinn er búinn til úr Evru smápeningum, Eystrasalti, USB-lykli og fléttagróðri), eins og tilraun til að búa til tímahylki úr úrgangi nútímalífs. Bæði í þyngdarplötunum og í handföngunum á sippubandi Nestoris má sjá á yfirborðinu brot af innihaldsefnunum á þessum lista, eins og sýnilegur hluti gríðarstórra ísjaka — eða bjargir, stundum risastórar, sem jöklar hafa flutt og skilið eftir þegar þeir hopuðu.

Í *Bláu glerkúlunni* hefur þessi alþekkta mynd af jörðinni séð frá geimnum — sem lítur út eins og örsmár, brothættur blár hnöttur — verið prentuð á dyramottu á gólfi sýningarsalarins. Það er ósk Nestori að þegar gestirnir ganga á henni og tengja saman óspillta bláa litinn á henni og ryk og óhreinindi hversdagsins, að þeir endurhugsi samband sitt við þessa kunnuglegu ímynd af plánetunni okkar. Að sama skapi vekur þetta verk athygli á gáleysislegri grimmd umhverfisspillingar: á vanhæfni okkar til að hætta mengun og neyslu. „Hvernig getum við notað listina til að vinna með sálræn viðbrögð, eins og kvíða og sorg, sem myndast þegar við verðum meira og meira vör við loftslagsbreytingarnar og fjöldaútrýmingu?“[3] spyr hann.

3 “Nestori Syrjälä examines sculpture during our era of ecological crises,” vefsíða Kone Foundation 12/17: https://koneensaatio.fi/en/nestori-syrjala/

Íslenska hljóðlistakonan Ingibjörg Friðriksdóttir tengir saman sjónræna þætti og tónlist. Hún leggur áherslu á að hvert verk þróist náttúrulega, allt frá margrása hljóðinnsetningum með heimagerðum hljóðfærum og hljóðskúlptúrum til feminískra fatahönnunarmyndbanda með undirspili ritvélar og horns. Í Hluti fyrir heild vekur Ingibjörg athygli á hopandi jöklum norðursins og áskoruninni sem felst í að skilja til fulls afleiðingarnar þegar þeir hverfa, ekki aðeins fyrir norðurheimskautið, heldur fyrir alla jörðina.

Með því að einblína á ákveðinn þátt hnattrænnar hlýnunar undirstrikar Ingibjörg bæði stærðargráðu vandamálsins og lausnarinnar. Hopandi jöklar eru aðeins ein af mörgum sjáanlegum breytingum á jörðinni af mannavöldum. Þótt búast megi við mörgum alvarlegum afleiðingum, þá er ómögulegt að ná utan um allar þær ófyrirsjáanlegu breytingar og keðjuverkanir sem þetta getur haft á okkar flókna og samofna lífríki. Stærðargráðan er of stór fyrir manninn að skilja, of yfirþyrmandi til að dvelja við. Þar sem ferlið er hægt og ekki sársaukafullt í sjálfu sér, þá aðlagast fólk því og breytingarnar verða að nýju normi í nærumhverfinu.

Í Hluti fyrir heild er fegurð náttúrunnar túlkuð með lagrænu, róandi, næstum rómantísku tónverki leiknu á píanó sem kallast á við vaxandi ógn. Áheyrandanum líður eins og að rýmið sé hægt og rólega að færast undir vatnsyfirborðið, eins og að tónlistin drukkni. Á sama tíma, fyllist hvítt rýmið smám saman af myrkri, og hljóðrænu áhrifin sem mótuð eru af neðansjávar tónlistinni flæðir yfir rýmið úr mörgum hátölurum. Þetta er túlkun á raunveruleikanum: breytingin er hæg og skynfærin dofna við fegurð hægfara umbreytingar.



Tæplega þrjátíu ára reynsla Arngunnar Ýrar af leiðsögn ferðamanna í fjallgöngum hér á Íslandi hefur haft djúp áhrif á vinnu hennar sem listakonu. Það hefur líka leitt til mikils áhuga á jarðfræði — aðlöðun sem er skiljanlegur á ljóðrænan hátt, þar sem málverk er búið til úr mörgum lögum, líkt og landslag, þar sem hvert lag býr yfir sinni sérstöku sögu og merkingu. Þar sem hún fer á sömu staði á hverju ári hefur hún orðið vitni að þeim breytingum sem átt hafa sér stað, og endurspeglast það í titli verksins sem hún er að skapa núna, „Vitni“ en voru málverkin á þessari sýningu valin úr þessu verkefni.

Arngunnur tekur margar ljósmyndir við vinnu sína sem leiðsögumaður. Hún minnist á að aðrir íslenskir listamenn hafa nýtt þetta form til að skjalfesta umhverfisbreytingarnar sem eru að eiga sér stað — má sem dæmi nefna verkefni Ólafs Elíassonar „Bráðnun jökla“. Í tilfelli Arngunnar Ýrar notar hún ljósmyndirnar þó aðeins sem leið til að byrja að mála málverkin. Eftir það vinnur hún út frá innsæi og minni. Sem dæmi sprettur verkið *Sólheimajökull* úr ljósmyndum hennar af Sólheimajökli, sem hún hefur heimsótt í áratugi, og fylgst með því hvernig hann minnkar.

Þessar myndir eru viljandi leikrænar — blær sem Arngunnur Ýr lýsir hlæjandi sem „kaldhæðnisleg fantasía á tímum umhverfishörmunga“, sem helgast ekki síst af því hvernig hún notar liti sem minna næstum á ofskynjanir, þegar hún málar fjöll og himin. Jöklarnir á myndunum eru túlkaðir sem tóm rými: hvítar eyður, flöt og ómerkt form sem mynda sláandi andstæðu við slettur og fleti í skærgrænu, bleiku, appelsínugulu og bláu. Markmið Arngunnar er að búa til eins konar andstæður eða spennu, en litavalið notar hún einnig til að skapa fjarlægð við eldri hefðir landslagsmálverka á Íslandi.

Íslenski listamaðurinn Pétur Thomsen sýnir fram á breytingar sem átt hafa sér stað, í ásækinni ljósmyndaröð, og nær þannig á mynd flæði tímans, með því að sýna okkur breytingarnar frá villtri náttúru yfir í manngert umhverfi. Hann velur vandlega saman röð ljósmynda, sem sýna þær breytingar sem átt hafa sér stað, frekar en að lýsa einhverju sérstöku augnabliki í ferlinu. Þannig gefur hann áhorfandanum sjálfum leyfi til að átta sig á því hvað gerst hefur. Viðfangsefni Péturs eru margvísleg, allt frá hálfauðu byggingarsvæði í útjaðri Reykjavíkur, sem var viljandi byggt við hliðina á friðlandi, til Kárahnjúkavirkjunar — röð fimm stífla og þriggja lóna á austurlandi, sem hefur algjörlega umbreytt einu stærsta landsvæði Evrópu sem áður var ósnert.

Það mætti segja að verkefni Péturs segi frá / fangi *umhverfingu*. Þetta orð lýsir svæðinu á mörkum náttúru og umhverfis. Þó að umhverfissinnar setji oft samasem merki á milli þessara tveggja fyrirbæra, túlkar Pétur *umhverfi* sem staði sem maðurinn býr til, vegna þarfar sinnar á að gera náttúruna að stað til að búa á, og breytir henni í leiðinni til frambúðar.[4] Frá árinu 2003 hefur hann skjalfært þær mögnuðu umbreytingar sem átt hafa sér stað vegna virkjunarinnar, í ljósmyndum af breytingum sem eru stundum svo stórar að það getur reynst erfitt að skilja þær til fulls. Aðferðir Péturs eru stundum á smærri skala, í ferli sem gæti næstum virkað eins og njósnastarfsemi: hann tekur ljósmyndir á nóttunni, af sama staðnum, marga daga eða mánuði í röð, og notar til þess strobe ljós. Myndaröðin á þessari sýningu endurspeglar samsetningu beggja aðferðanna, þar sem hann nær á mynd stórbrotnum landbreytingum, með ljósmyndum af sama staðnum, frá sama sjónarhorninu, yfir lengri tíma. Hérna sýnir hann sumar af breytingunum sem eiga sér stað í grjótnáminu í Ingólfsfjalli.

4 Eins og Sigrún Alba Sigurðardóttir bendir á í grein sinni um verk Péturs Thomsens, er hann undir áhrifum frá skrifum Páls Skúlasonar heimspekings, sérstaklega bókinni *Umhverfing* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 1998.) Pétur skilgreinir umhverfið sem „afleiðing af skapandi tilburðum mannsins, sem gerist þegar hann reynir að breyta náttúrulegum aðstæðum og aðlaga að sínum eigin þörfum og óskum.“

III. Nú þegar þessi sýning stendur yfir, er stór hluti heimsins í greipum heimsfaraldurs. Þessir erfiðu tímar hafa, hjá milljónum manna, ýtt mikilvægum umhverfismálefnum eins og hnattrænni hlýnun og tap á villtri náttúru, í bakgrunn meðvitundar okkar. En á sama tíma hefur náttúran fengið óvenjulegt tækifæri til hvíldar, þar sem heimurinn hefur stöðvast og alþjóðleg ferðalög minnkað niður í nánast ekki neitt. Höfin eru hljóðlátari, einnig himininn. Dýr ganga um götur borganna. Meira að segja mennirnir hafa enduruppgötvað ánægjuna við það að vera utandyra, að anda að sér hreinna lofti, hlusta á vindinn og fuglana, og dást að skýjunum og blómunum.

Á þessu tímabili endurmats og bata, mætti segja að verk þessara sex listamanna séu ennþá mikilvægari: Ekki sem áróður eða ákall til aðgerða — þó að það gæti veitt sumum áhorfendum innblástur til þess — heldur sem áminning um það sem ennþá er til, það sem, ef ekkert er aðhafst, mun tapast. Þessir sex listamenn sýna okkur að listin hefur vald til að sýna okkur það sem hægt er að bjarga, ef við bara veljum það. Ef COVID19 er tímamótaatburður — sem þýðir að allt verði öðruvísi eftir hann en það var áður — gæti verið að meðal þeirra breytinga sem ættu sér stað, væri að hægja á hinni vægðarlausu göngu í átt að endalokum norðurheimskautsins, og stöðva hana að lokum. Þessi vongóða framtíðarsýn mun vera laus við minnismerki um bráðnaða jökla, og merking *norðursins* mun ennþá vera sú sama og nú: ótrúlega fallegur staður, þakinn ís og snjó, ægifagur í orðsins fyllstu merkingu.

# SAVING THE SUBLIME

MARIA PORGES

I. When I look out on such a night as this, I feel as if there could be neither wickedness nor sorrow in the world; and there certainly would be less of both if the sublimity of Nature were more attended to, and people were carried more out of themselves by contemplating such a scene.

JANE AUSTEN

In August of 2019, scientists and politicians placed a memorial plaque on the (former)site of Okjökull. It is the first of Iceland's glaciers to be declared 'dead', having lost most of its mass due to global warming. Research suggests that only 200 years remain before all of the glaciers that cover more than a tenth of Iceland could melt away: a loss that will alter the nation's identity forever. Similarly, all of the countries bordering the Arctic face cataclysmic changes unique to their far-northern climate and location, due in no small part to the fact that the Arctic is warming at more than twice the rate of the rest of the world.[1]

1 American Association for the Advancement of Science, 2013

Through a range of media and approaches, the participants in NORTH draw viewers attention to the urgent environmental issues shared by the countries where they live and work. Some picture the new landscapes that are revealed/created as civilization encroaches; others suggest the possibility of a bleak future that approaches all too quickly. Each in their own way, these six artists present an interpretation of the world around them grounded not only in memory, or even the tumultuous present, but one created with eyes on the far ecological horizon. Time, this collective vision suggests, is of the essence, or Austen's 'sublimity of nature' will be irretrievably lost.



In the traditional medium of oil painting, Arngunnur Ýr considers the legacy of nineteenth century ideas about the sublime and romanticism in a time of environmental crisis, her vistas of mountains and clouds often colored with vivid hues. Pétur Thomsen's photographs, whether of the construction of the Kárahnjúkar power plant or of a housing development built cheek by jowl with a wildlife reserve, force viewers to grapple with the complete physical reinvention of a place, as one version of the landscape supplants another. Ulrika Sparre's videos, in which the action takes place at a meditative, near-glacial pace, force us to reconsider our manipulation of the non-sentient, especially when microphones reveal that the rocks and boulders have their own voices.

Erna Skúladóttir uses clay and sediment as a way to describe and refer to the earth as well as to the processes through which it is made, by the weathering of rocks over millennia. She draws attention both to the disappearance of 'old' landscape and to the revelation, through climate change, of the new. Through a variety of media, Nestori Syrjälä presents compelling evidence of the ways in which the human race has transformed the environment, rendering it "increasingly strange." And Ingibjörg Friðriksdóttir's installation, by evoking the terror of darkness that is one of the prime characteristics of the sublime, points metaphorically towards the potential consequences of climate change.

II. All of us are living through accelerating crisis. Fishing is getting harder. Fjords getting shallower… land is rising. Young people ask, will our children be able to see what we can see? Teenagers point out that people have known about the long-term consequences of our actions for fifty years. Yet we have done nothing. Is it up to artists to make those ideas clear through art? *Icelander, talking about climate change.*[2]

2 The Documentary Podcast, 26 Dec 2019 (BBC): "Iceland, the Great Thaw"

Erna Skúladóttir works both in her native country of Iceland and in Norway, where she studied and lived for six years, conceiving of and carrying out complex experimental projects with clay and sediments. Erna uses these familiar materials without manipulating them into utilitarian form: vase, bottle or basket; tile or brick. Instead, her relationship with them could be described as collaborative, using them as a way to describe and picture the calamitously shifting natural world. Somewhere between fifty and eighty percent of the world's surface, she reminds us, has been altered or transformed by human intervention. Ground becomes a metaphor, explored in all the possible meanings of the word, including value. How many of us know where something like clay comes from, how it comes to exist; that, though plentiful, it is a finite material?

Erna Skúladóttir is interested in how our connections with landscape have been shaped by received images, in particular, landscape painting. For her installation in this show, she created silicone molds at the foot of the Langjökull and Sólheimajökull glaciers, capturing the textures recently revealed by the retreating ice. She also collected some of the ancient sediment that has been left behind, created by the friction between glacier and rocks. She then painted these molds with successive layers of liquified clay and a binder, creating multiple casts from each one.

Hung in a tight grid that covers the wall, these pieces form a new genre of landscape: one that goes beyond depiction to material appropriation. As Erna puts it, “The clay is… part of the new landscape that remains when the glaciers disappear.” The ‘flow’ from ceiling to gallery floor suggests the movement of an avalanche or flood, both of which are described as possible—even likely—outcomes of global warming.

For Swedish artist Ulrika Sparre, facing the threat of climate change means giving a voice to the non-human actors in our world: boulders, deserts and mountains. Her video *Ear to the Ground (wandering rocks)* is set in the barren yet austerely beautiful landscape of California’s Death Valley. In a silence punctuated only by the dry crunch of the artist’s footsteps or occasional jets passing by far overhead, we see her close up, then from a distance, tiny and ant-like (sometimes, just before the camera cuts to ants, moving around on the ground’s stony surface). As she wanders across the playa, a desert basin that is covered in some winters with a shallow lake, she holds contact mics to boulders she encounters, finding haunting sounds inside the stone. The mystery of the ‘wandering rocks’, boulders that seem to travel of their own volition across the dry land, was solved in 2013 by geologist Frank Norris. After rainfall, the shallow water can freeze, in the extreme climate of the desert, and the sheets of ice push the rocks in front of them, much as glaciers have moved immense boulders great distances over time.

Often, without Sparre’s presence in a shot, it would be difficult to tell the scale of what we are seeing. Her location, her clothes and the light all change, conferring a poetic sense of time passing, as her shadow moves like a transitory ghost across the landscape. At the end of the video, seen far in the distance, she lies in the middle of an ancient crater. The slow tolling of four distant sonic booms provide a potent reminder that there are few truly wild landscapes anymore.

Nestori Syrjälä´s conceptually-driven practice involves the dexterous manipulation of a variety of media as containers for his ideas, including sculpture, installation and video. Syrjälä presents compelling evidence of the ways in which the human race has transformed the environment, rendering it, as he put it, increasingly strange. In the works presented here, he reflects on how the accelerating environmental crises with which we are confronted daily can force artists to reconsider everything, even the forms their work might take.

Science fiction-inspired fitness equipment sculptures incorporate a seemingly-random accumulation of materials (one lists Euro coins, the Baltic Sea, USB flash drive, lichen), as if trying to create a time capsule of the detritus of modern life. In both the weight plates and the handles of Syrjälä´s jump rope, glimpses of the listed materials can be seen on the surface, like the visible tips of immense icebergs or rocks, sometimes massive, that are transported by glaciers and then left behind as they retreat.

In *Blue Marble*, the iconic image of the earth seen from space—looking like a tiny, fragile blue orb—has been placed on a doormat on the gallery floor. As visitors walk on it and reconnect its pristine blue with the dust and dirt of everyday life, Syrjälä hopes that they rethink their relationship with this familiar vision of our planet. Simultaneously, this act suggests the casual cruelty of environmental degradation: our inability to stop polluting and consuming. “How can we use art to process psychological reactions, such as anxiety and sorrow, triggered by our increasing awareness of climate change and mass extinction?”[3] he asks.

3 “Nestori Syrjälä examines sculpture during our era of ecological crises,” vefsíða Kone Foundation 12/17: https://koneensaatio.fi/en/nestori-syrjala/



Icelandic sound artist Ingibjörg Friðriksdóttir merges visual elements with music. It is important to her that each project develops organically, ranging from a multi-channel sound installation using earthquake data as a foundation for a composition played on a novel instrument made of a recycled piano, to sound sculptures swinging subtly from the ceiling or a fashion film featuring pink feminist costumes accompanied by a typewriter and horns.

In Pars pro toto, Ingibjörg draws attention to the North’s shrinking glaciers and the challenge of fully comprehending the consequences, not just for the Arctic region, but for everyone on Earth, of their loss. By focusing on a particular aspect of global warming Ingibjörg highlights the magnitude of both the problem and the needed solution. Shrinking glaciers are only one of many visible planetary changes caused by human behavior. It is impossible to comprehend all the unforeseen transformations and chain reactions caused by glacial melting in the complex and intertwined processes of nature: the magnitude of such changes is too great for us to grasp, too overwhelming to dwell on. As the process is slow and not intrinsically painful, the changes that it brings become normalized in a local context.

In the installation, the beauty of nature is represented by the sound of a piano playing a melodic, comforting, almost romantic composition, in contrast with the visual representation of an ever-growing threat. The space seems to be slowly going under water, as if the music is drowning. The white space gradually fills with darkness, building on the aural illusion of being inundated by the music, seemingly under water, coming from multiple speakers in the gallery. The change happens slowly, and our senses become numbed by the beauty of the gradual transformation.

Arngunnur Ýr’s nearly thirty years of guiding summer tourists on hikes in her native Iceland has had a profound impact on her work as an artist. It has also led to the development of a deep interest in geolog, an affinity that makes poetic sense, since

a painting, like a physical landscape, is composed layer by layer, each one with its peculiar history and meaning. Visiting sites annually, she has seen first-hand the changes that have taken place, a fact reflected in the title of her current body of work ‘Witness,’ from which the paintings in this exhibition have been selected.

While guiding, Arngunnur takes many photographs. She notes that other Icelandic artists have successfully used this medium to document the environmental losses that are taking place—Ólafur Elíasson’s project ‘Glacier Melt’, for example. For Arngunnur, however, the camera’s image is used only to guide initial composition. After that point, she works from intuition and memory. *Sólheimajökull*, for instance, began with her photographs of Sólheimajökull , a small outlet glacier on the south coast that she has visited for decades, watching its retreat.

There is a deliberate theatricality in these images, a mood Arngunnur Ýr describes laughingly as “cynical fantasy in times of environmental disaster,“ due in no small part to her almost hallucinogenic use of color to depict mountains and sky. The glaciers in these pictures are presented as empty space: white voids, their flat, unmarked shapes in startling contrast with slashes and fields of vivid greens, pinks, oranges and blues. Arngunnur’s goal is to create a kind of friction or tension, but color also serves to distance her work from some older traditions of landscape in Iceland.

In a haunting series of photographs documenting change, Icelandic artist Pétur Thomsen captures the flow of time by showing us the transformation of wild scenery into man-made environment. Rather than depicting a single moment of change, however, he carefully gathers evidence of what has taken place in a series of images, allowing viewers to figure out what has transpired. Thomsen's subjects have ranged from a semi-deserted housing development on the outskirts of Reykjavik, placed deliberately close to a nature reserve, to the Kárahnjúkar Hydroelectric Project —a series of five dams and three reservoirs in eastern Iceland that have utterly transformed one of Europe's largest areas of previously untouched landscape.

In a way, Thomsen's project could be described as chronicling/capturing *Umhverfing*. This Icelandic word describes the liminal place between nature and environment. Although these two things are often equated by conservation movements, for Thomsen, *the environment* represents the spaces created by the human need to make nature over into livable space, irrevocably altering it in the process.[4] Since 2003, he has chronicled the astonishing transformation brought about by the power project, in images of changes so large that at times they are difficult to fully comprehend. Thomsen sometimes works on a more intimate scale, in a process that seems almost like espionage: photographing the same site over days or months, at night, using a strobe light. The series in this exhibition represents a hybrid of his work capturing massive land transformation with images of the same site, from the same point of view, taken over time. Here, he shows some of the changes taking place in the Mount Ingólfsfjall quarry area.

4 As Sigrún Alba Sigurðardóttir points out in her essay on his work, Thomsen is indebted to the writing of philosopher Páll Skúlason, particularly his book *Umhverfing* [Nature and Environment]. (Reykjavík: Háskólaútgáfan [The University Press], 1998. Skúlason defines environment as "the product of man's creative efforts, taking place when he attempts to change natural scenarios and adapt them to his own needs and wishes."

## III.

At the time of this exhibition, much of the world remains engulfed in a pandemic. For millions, this crisis has pushed urgent environmental issues like global warming and the loss of wilderness out of the foreground of consciousness. At the same time, however, as the world has shut down and international travel has slowed to a trickle, nature has been given an extraordinary respite. The oceans are quieter, as are the skies. Animals walk the streets of cities. Even humans have rediscovered the pleasures of being outside, breathing cleaner air, listening to the wind and birds, looking at clouds and flowers.

In this period of reassessment and recovery, the work of these six artists seems even more essential: not as propaganda or a call to action, though it may inspire some viewers in that way, but as a reminder of what still remains, and what, without action, will be lost. Art, these six remind us, has the power to show what could be saved, if we only choose to do so. If COVID19 is a hinge event: meaning, all is different afterwards than it was before, then, perhaps, among the changes that are made, the relentless march towards the end of the Arctic will be slowed down and eventually stopped. In that hopeful vision of the future, there will be no more placards memorializing lost glaciers, and the meaning of *north* will remain what it is now: a place of extraordinary beauty, of ice and snow, that is sublime in the truest meaning of the word.



# SAMTAL MILLI LISTAMANNA OG SÝNINGARSTJÓRA

Daría *Þið eruð hópur listafólks sem vinnið öll við, skrásetjið, og veltið fyrir ykkur landi og umhverfi. Nú þegar landslag norrænna landa umbreytist og þróast í takt við loftslagsbreytingar líðandi stundar, breytast líka aðferðir ykkar og þróast?*

Arngunnur Já, stíllinn minn og aðferðir mínar hafa reyndar breyst frekar mikið núna nýverið, og mér finnst bara náttúrulegt að listafólk haldi áfram að þróast, prófa, og kanna nýjar aðferðir. Verkin þurfa að vera svör við heiminum okkar og upplifun, og nýjustu verkin mín hafa vissulega verið svar við því sem er að gerast í kringum mig. Þessi myndaröð er fyrirbærafræðileg og vissulega byggð á þeirri reynslu sem ég hef af því að búa á þessu svæði, og á minningum mínum af upplifun náttúrunnar.

Pétur Já, ég er mjög dapur yfir því hvernig mannkynið hefur tekið náttúrunni sem sjálfsögðum hlut og litið á hana sem ótæmandi uppsprettu auðlinda. Ég býst við að þessar tilfinningar komi á einhvern hátt í ljós í verkum mínum.

Nestori Vaxandi vitneskja um loftslagsbreytingar og aðrar vistfræðilegar krísur neyða okkur að vissu leyti til að endurhugsa hvað list er og hvers konar listræn vinnubrögð eru eðlileg undir þessum kringumstæðum. Við lærðum öll hugsjónir nútímalistar í skólum, og með því að taka þátt í sýningum, listamannadvölum og fleiru í þeim dúr, og urðu allar þessar hefðbundnu aðferðir til í heimi byggðum á jarðefnaeldsneyti. Nú þarf að leita nýrra leiða til listrænnar sköpunar.

Ulrika Ég hef alltaf haft áhuga á trú og það hvernig heildrænn hugsunarháttur myndast í hugum manna. Það er nauðsynlegt að fylgja eigin rödd. En hver er þessi rödd? Nútímatækni hefur gefið okkur verkfæri til að tengjast okkur sjálfum, með því að spegla okkur stanslaust og leita svara. Með því til dæmis að nota snertihljóðnema, get ég tekið upp og magnað upp tíðni sem annars virðist ógreinanleg. Sem varpar upp þeirri spurningu, hversu meðvituð erum við um umhverfi okkar? Við erum alltaf að tala um hversu mikið við höfum fjarlægst náttúruna, en hvaða verkfæri búum við yfir til að tengjast henni að nýju?

Daría *Við þurfum verkfæri til að tengjast náttúrunni að nýju, það er alveg satt. En hvernig getur okkar eigin list (sem getur virst lítilvæg) haft áhrif á eitthvað sem er svona miklu stærra en við sjálf, eins og baráttan við loftslagsbreytingarnar?*

Erna Þetta er eitthvað sem ég er oft að vandræðast yfir, hvernig getur mitt litla framlag raunverulega haft nokkur áhrif? Er þetta bara smáögn í sögu tímans eða er þetta eitthvað stærra? Ég býst við að í rauninni sé þetta svolítið spurning um sjálfið. Ég býst við að það sé líka spurning hvort það eigi að vera í okkar hlutverki og á okkar ábyrgð sem einstakir listamenn að taka að okkur það verkefni að hafa áhrif á eitthvað svona stórt og hvort við ættum yfir höfuð að sækjast eftir því að kafa svo djúpt.

Nestori Ég held að við búum ekki yfir nógu miklu ímyndunarafli. Nú til dags virðist auðveldara að ímynda sér enda alheimsins frekar en endalok kapitalismans sem byggir á notkun jarðefnaeldsneytis. Listin og skáldskapurinn geta hjálpað fólki að ímynda sér aðra mögulega framtíð. Listin gefur þér tækifæri til að vera einhver annar í smá stund. Listin getur ýtt undir hugmyndir um nýja gleði, ný gildi, og nýjar leiðir til að lifa. Nútíma lífstíll okkar er byggður á efni, jarðefnaeldsneyti, en þetta er líka spurning um nauðsynlega hugmyndafræði með ákveðnum gildum og leiðum til að sjá heiminn. Með listinni get ég tekið þátt í því að velta fyrir mér og endurskoða menningu okkar og hvernig við lifum.

Ulrika Ég get til dæmis haft áhrif með því að spegla umhverfið mitt og náttúruna í kring um mig. Eina leiðin fyrir okkur til að meta gildi sambands okkar við fjöllin, borgirnar og skógana á sama hátt og við metum samband okkar við aðrar tegundir, er með því að gefa þessum hlutum rödd og finna þeim tungumál. Með þessu verður til sameiginlegur skilningur sem þróar með sér heildrænna samband við landslagið sem umlykur okkur, þar sem samtal milli okkar og landslagsins getur átt sér stað. Við getum aðeins skapað sjálfbæra framtíð með því að horfa til lengri tíma.

Ingibjörg Ég trúi á kraft einstaklingsins. Ef listaverk kveikir vilja hjá einhverjum til að breytast, jafnvel ef það eru bara nokkrar manneskjur, þá hjálpar það litla framlag. Þessir nokkru einstaklingar munu skapa leið fyrir fleiri til að finna innblástur og velja sjálfbært líf fyrir plánetuna okkar. Við verðum að trúa að hver einstaklingur geti haft áhrif og beri ábyrgð.

Pétur List og listafólk geta lagt sitt á vogarskálarnar til að hvetja til breytinga. Eitt listaverk getur kannski ekki breytt heiminum en það gefur sitt inn í umræðurnar. Listin er ein af mörgum leiðum til að ræða um málefni líðandi stundar og fá fólk þannig til að hugsa um hlutina, spyrja sig spurninga og mynda þannig jafnvel sínar eigin skoðanir.

Daría *Í þessari sýningu verða vísindin og listin einhvern veginn að einu, tvær greinar sem virðast vera miklar andstæður — hvaða tengingu sjáið þið milli þeirra?*

Arngunnur Ég hef alltaf haft áhuga á því hvernig listin og vísindin sameinast. Seint á tíunda áratugnum skapaði ég röð verka sem ég vann í samstarfi við Pál Einarsson og Jarðvísindastofnun Háskólans. Ég málaði á jarðskjálftarit, vann með texta úr sögulegum heimildum sem lýstu gömlum eldgosum og tengdi þetta við myndir af voldugustu eldfjöllum Íslands. Það vildi svo til að á sama stað og jarðskjálftaritin sýndu, sem ég málaði yfir með mynd af fjalli, gaus aðeins mánuði seinna.

Ég mála á milli hundrað og tvöhundruð lög af málningu á myndirnar mínar, og ef ég hefði ekki haft kunnáttu á jarðfræði og hefði ekki séð þessi öfl með eigin augum í landslaginu, hefðu málverkin mín orðið allt öðruvísi.

Erna Ég myndi ekki segja að ég líti á þessar tvær greinar sem algjörar andstæður, þar sem aðal tilgangur beggja greinanna er einhvers konar könnun eða leið til að skoða í hverju heimurinn felst, hvernig hann virkar og hvernig við mannfólkið pössum þar inn á einn eða annan hátt. Báðar greinarnar snúast í grunninn um forvitni og lærdóm.

Ulrika Mig langar að dýpka mannlegan skilning á okkar eigin stöðu, í heimi þar sem okkur finnst við sjálf gefa öllu öðru merkingu. Ég myndi vilja sjá nýtt flæði, þar sem maðurinn leyfði sér að skoða heiminn frá nýju sjónarhorni. Ég trúi því að vísindin og listin deili þessu sama markmiði. Þetta á jafnt við um eðlisfræði, trú og list, þar sem leitin að þekkingu er sameiginlegt markmið.

Pétur Listin og vísindin tengjast á margan hátt. Listamenn nota oft vísindaaðferðir við vinnu sína og nýta sér líka gögn vísindamanna í listrænni sköpun. Listin og vísindin eru oft að takast á við sömu fyrirbæri og hugmyndir þó að tungumál þeirra séu í grunninn mismunandi.

Nestori Reyndar eru bæði vísindin og listin leiðir fyrir okkur mannfólkið til að reyna að skilja heiminn í kringum okkur. Þetta er hvort tveggja byggt á athugun og túlkun. Hvort tveggja breytist stöðugt og þróast, og hvorugt getur nokkurn tíma almennilega komist að sannleikanum. Nútímavísindin eru besta leiðin sem við höfum til að skilja hinn efnislega heim. Listin er staður þar sem við getum hugsað um hvað þetta þýðir allt saman.

Daría *Ef við hugsum um breytingu og þróun, er staða mannsins innan náttúrunnar endilega alltaf neikvæð, er hann bara að eyðileggja?*

Ingibjörg Nei alls ekki. Mannfólkið er samtvinnað náttúrunni, við erum ekki aðskilin, við tilheyrum henni. Með því að upplifa sjálf okkur sem hluta af náttúrunni, berum við vonandi meiri virðingu fyrir henni.

Nestori Mannfólkið hefur lifað í nokkuð góðu jafnvægi við hinn náttúrulega heim í hundruð þúsunda ára, svo það er augljóslega mögulegt fyrir mannfólkið að lifa á annan hátt en að eyðileggja lífhvolfið.

Sú siðmenning sem við lifum við í dag, neytendasamfélag byggt á jarðefnaeldsneyti, hefur verið til í um það bil 150 ár og verður líklega horfið á næstu fimmtíu til hundrað árum. Það er einfaldlega ekki til nægilega mikið af ódýrri orku og auðlindum til að halda þessu áfram mikið lengur. Það veit enginn hvað mun koma eftir þetta. Það veit enginn hversu langt fjöldaútrýmingin og loftslagsbreytingarnar munu ganga áður en það gerist. Það veit enginn hvort umskiptin frá þessum lífsstíl yfir í eitthvað annað verði samkvæmt einhverju skipulagi eða hvort hún komi í formi algjörs hruns og hörmunga.

Ulrika Það sem við eigum sameiginlegt með náttúrunni er lífsbarátta, þar sem við sprettum jú öll af sömu orkunni. Þetta er eitthvað sem er þó erfitt að leggja mat á, þar sem við deilum lífinu (með náttúrunni). Það má þó segja að við, sem mannfólk, séum utan við þetta búr sem við setjum náttúruna í. Og við getum ekki komist inn í það. Við erum að nálgast 9 milljarða fólks á plánetunni, og er það því áskorun fyrir okkur um það hvernig við deilum auðlindum okkar, og það er krefjandi að skapa jafnvægi í vistkerfum jarðarinnar og jafnrétti.



Arngunnur Við mannfólkið búum yfir þeim óheppilega eiginleika og tilhneigingu til að passa upp á okkur sjálf. Ég býst við að það sé líka þessi rótgróni hugsunarháttur í anda Darwinisma sem kemur okkur áfram, og án hans værum við kannski ennþá safnarar og veiðimenn. Margir hafa þá hugmynd að mannfólkið hafi verið mun hamingjusamara á þeim tímum, áður en við byrjuðum að planta korni og safnast saman í stærri samfélög, og leggja náttúruna undir okkar skipulag.

Pétur Ég lít svo á að maðurinn sé hluti af náttúrunni, og ef hann hegðar sér sem hluti af henni, verði staða hans innan náttúrunnar ekki neikvæð, heldur verður hann hluti af henni. En því miður hefur mannfólkið hægt og rólega, á síðustu 12.000 árum, komið sér upp á stall þar sem fólk hefur reynt að stjórna náttúrunni og drottna yfir henni, til að þjóna hagsmunum okkar. Með hörmulegum afleiðingum, og þetta mun, þegar allt er á botninn hvolft, vera það sem mun tortíma okkur, ásamt náttúrunni sjálfri.

Erna Ég held ekki að það sé spurning um hvort manneskjan sé annað hvort eyðileggjandi eða uppbyggjandi, þar sem allt hefur þessar tvær hliðar. Allt í náttúrunni, við þar á meðal (þar sem við erum ekki andstæða náttúrunnar), býr yfir hvoru tveggja, stundum jafnvel á sama tíma. Fyrir mér er þetta frekar spurning um hvort við sem afl höfum þann mátt að geta hamið eyðileggingarmátt okkar, þó ekki nema til að geta komið plánetunni í einhvers konar jafnvægi.

# A CONVERSATION BETWEEN CURATOR AND ARTISTS

Daría *As a group of artists you all work with, document, ponder, land and environment. As our Nordic landscapes morph and evolve in response to climate change, does your practice morph and evolve as well?*

Arngunnur Yes, my style and approach has actually changed quite drastically lately, and it seems only natural that an artist continue to evolve, test, and explore. The work needs to be a response to our world and our experiences, and my recent works have certainly been a reaction to what has been taking place around me. This series is phenomenological and certainly based on my site specific experiences and memories as a witness in nature.

Pétur Yes, I feel saddened by the way humanity has taken nature for granted and seen it as an inexhaustible source of resources. I suppose these feelings express themselves in some way in my works.

Nestori In a way increasing knowledge of climate change and other ecological crises forces you to rethink what art is and what kind of artistic practice makes sense in these new conditions. The ideals of contemporary art we all learn in school, and by taking part in exhibitions, residencies and so on, all these practices and values took shape in a fossil-fueled world. They need to be actively re-imagined.

Ulrika I have always been interested in faith and how holistic thinking is created in the minds of humans. Listening to one's own voice is central. But what is this voice? Technology today has given all of us our self-connecting tools, constantly mirroring ourselves and providing answers. By using for example contact microphones, I can pick up and enhance seemingly undetectable vibrations in nature, questioning how aware we are of our surroundings. We always talk about our disconnection with nature, but what tools do we have to connect back to it?

Daría *We do need tools to connect back to nature, it's true. But how can our own (seemingly insignificant perhaps) individual art practice work to impact something so much larger than ourselves, like climate change efforts?*

Erna This is something I often struggle with, how can my tiny effort really do anything? Is it just a speck in time or is it something more? I guess it is in a way a question of the ego. I guess it is also a question of if it should be our role and responsibility as individual artists to take on the task of impacting something so huge and if we should really aspire to be so profound.

